

Reykjavík, 10. febrúar 2023

Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög, nr. 108/1999, með síðari breytingum (skráning barna og úrsögn).

Við viljum byrja á að þakka þingmönnum kærlega fyrir að leggja fram frumvarp um breytingar á lögum um skráð trú- og lífsskoðunarfélög, en það er svo sannarlega þörf á að breyta þeim. Við undirrituð og sá hópur sem við skrifum í forsvari fyrir erum öll einstaklingar sem alin voru upp í söfnuði votta Jehóva og/eða hafa haft þar viðdvöl á fullorðinsárum en svo hætt, auk sálfræðings sem hefur sérhæft sig í afleiðingum trúarofbeldis. Við erum hópur bæði karla og kvenna á ólíkum aldri, með ólíkan bakgrunn sem eigum það þó öll sameiginlegt að glíma við alvarlegar, langvarandi afleiðingar þess að hafa alist upp við trúarofbeldi, innrætingu sem henni fylgir og útskúfun. Því höfum við djúpan skilning og reynslu á því hvaða afleiðingar það getur haft að vera skráður í trúfélag þar sem notast er við sterka innrætingu og stjórnun á barnsaldri og það er ástæða þess að við sendum inn þessa umsögn.

Við viljum koma fram eftirfarandi athugasemdum við frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög:

- a. Við biðjum þingmenn um að endurskoða alvarlega þá breytingu sem lögð er til á 8. grein laganna, að í stað orðanna „16 ára“ í 1. mgr komi :12 ára.

Trúfélagsskráning þjóðskrár er ekki félagatal trúar- eða lífsskoðunarfélaga eða félagsskrá þeirra. Skráning er til að halda utan um hvert sóknargjöld vegna einstaklinga renna. Sóknargjöld fara ekki til trúfélaga vegna einstaklinga sem eru yngri en 16 ára, og því er enginn tilgangur fyrir þjóðskrá að halda utan um upplýsingar um það í hvaða trúar- eða lífsskoðunarfélagi börn sem eru yngri en 16 ára eru, vegna þess að ríkið greiðir ekki sóknargjöld vegna þeirra.

Auk þessa, munu þessi lög gilda fyrir öll trú- og lífsskoðunarfélög, líka þau félög stunda trúarofbeldi og útilokanir á fyrrum meðlimum og því er gríðarlega mikilvægt að lögin miðist við það. Við hvetjum þingmenn eindregið til þess að breyta orðunum „16 ára“ í : 18 ára, en þá eru einstaklingar lögráða hér á landi og mega sjálfir taka ákvarðanir sem geta haft meiriháttar afleiðingar fyrir þá.

Við viljum einnig biðja þingmenn um að hafa í huga að einstaklingar sem taka þá ákvörðun að láta skrá sig í þetta trúfélag, og önnur sem nota svipaða stjórnun, en svo af einhverri ástæðu ákveða síðar meir að skrá sig úr því, mæta algjörri félagslegri útskúfun af hendi meðlima safnaðarins. Þetta á við um bæði börn og fullorðna fyrrum meðlimi trúfélagsins, sem missa öll sín félagslegu tengsl við vini, kunningja og fjölskyldumeðlimi sem eru meðlimir safnaðarins. Börn undir 18 ára aldri ættu aldrei að vera sett í þær aðstæður að setja allt sitt félagslega stuðningskerfi í hættu á þennan hátt, en fjöldi rannsókna, héraendis og erlendis hefur sýnt fram á mjög alvarlegar afleiðingar fyrir einstaklinga sem verða fyrir útskúfun. Sjá frekari rökstuðning hér að neðan.

- c. Við óskum eftir því að eftirfarandi texti í 3. mgr. 8. gr. “Hafi barn náð 12 ára aldri skal leita álits þess um slíka ákvörðun” sé tekinn út, en með þessum texta er gefið í skyn að 12 ára gamalt barn hafi nægilegan þroska til þess að taka þá stóru ákvörðun sem það er, að velja sér trú- og lífsskoðunarfélag, og taka á sig þá ábyrgð og hugsanlegar afleiðingar sem því fylgir. Mikill munur er á milli trú- og lífsskoðunarfélaga, hver þessi ábyrgð og þessar afleiðingar eru, en í lögum sem þessum, sem eiga að gilda fyrir öll trúfélög, verður að byrgja brunninn og vernda börn undir 18 ára aldri fyrir því að taka ákvarðanir sem geta haft jafn alvarlegar afleiðingar eins og hér getur um rætt. Sjá frekari rökstuðning hér að neðan.
- d. Við óskum eftir því að bætt verði við 8. grein laganna að tryggt sé að úrsögn úr skráðu trúfélagi sé án meiriháttar afleiðinga fyrir viðkomandi. Það er að trú- og lífsskoðunarfélögum sé óheimilt að beita einstaklinga sem skrá sig úr félaginu refsingum á borð við útilokun, einelti, þvingunum eða öðru þess háttar sem gagnstætt er góðu siðferði og allsherjarreglu.

Þetta er í samræmi við lög um félagafrelsi, en í því felst ekki einungis frelsi til að ganga í eða stofna félag, heldur einnig frelsi til að standa utan félaga. Skráð trúfélög á Íslandi eiga ekki að geta haft leyfi til þess að refsa fyrrum safnaðarmeðlimum með alvarlegum refsingum, á borð við algjöra félagslega útskýfun og sundrun fjölskyldna. Þetta brýtur lög um félagafrelsi og almenn mannréttindi fólks til þess að eiga fjölskyldu og að geta ráðið sínu lífi sjálft.

- e. Í 1. gr laganna stendur „*Rétt eiga menn á að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins. Eigi má þó fremja neitt sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.*“ Við teljum það mikilvægt að „*gott siðferði*“ og „*allsherjarregla*“ sé betur skilgreind í lögum og einnig að sett séu inn í lögin nákvæmari ákvæði um það hvenær og hvernig trúfélag hefur fyrirgert rétti sínum til þess að vera skráð sem trúfélag. T.d. þegar lög, kenningar eða iðkanir trúfélagsins stangast á við íslensk lög, eða eru til þess fallin að valda meðlimum, fjölskyldum eða börnum þeirra alvarlegum líkamlegum eða andlegum skaða.

Trúarofbeldi

Trúarofbeldi flokkast undir ofbeldi í nánu sambandi og er skilgreint þannig að einstaklingur eða hópur notar andleg vinna eða trú til að hræða, særa eða stjórna öðrum. Hvers konar þvingun til athafna og/eða hugsana sem brjóta á valfrelsi einstaklinga, þar sem heilapvotti, hugsanastjórn og hræðsluáróðri er beitt til að halda einstaklingnum í þeim þankagangi er trú þeirra boðar. Þetta á einnig við um þrýstingi frá trúsystkinum og leiðtogum trúarhreyfinga til þess að fylgja þeim reglum sem hópurinn hefur og einstaklingurinn hefur takmarkaða getu til þess að mótmæla. Það er okkar upplifun að börn og fullorðnir innan safnaðar votta Jehóva séu beitt trúarofbeldi, en gríðarlegur fjöldi einstaklinga hér á landi hefur stigið fram með upplifun sína af alvarlegu trúarofbeldi, þ.m.t. útskýfun, af hendi safnaðarins.

Trúarofbeldi gagnvart börnum er mjög sérstakt fyrirbrigði þar sem trúfélag fær í raun foreldra til þess að beita börn sín síendurteknu, andlegu og stundum líkamlegu ofbeldi, t.d. með því að neita þeim um nauðsynlega læknishjálp. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að trúarofbeldi felur ekki einungis í sér saman safn einstakra tilvika heldur þarf að virða slíka háttsemi sem eina heild. Athyglin þarf að beinast á það ógnar- og óttaástand sem trúarofbeldi getur skapað og jafnframt á þá viðvarandi andlegu þjáningu, kúgun og vanmátt sem börn (og uppkomin börn) geta upplifað við þessar aðstæður. Vernda þarf öll börn sem eru í þeirri aðstöðu að lífi þeirra, heilsu eða velferð er ógnað.

Á Íslandi var Barnasáttmáli Sameinuðu Þjóðanna lögleiddur 20. febrúar 2013. Barnasáttmálinn viðurkennir m.a. rétt barna til þess að *“réttindi þeirra sem kveðið er á um í samningnum, séu tryggð án mismununar af nokkru tagi”*, að þau sé alin *“upp í anda friðar, virðingar, umburðarlyndis, frelsis, jafnréttis og samstöðu”* og að þeim *“sé látin í té sérstök vernd og umönnun þar sem það hafi ekki tekið út líkamlegan og andlegan þroska”*. Við teljum Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna í mörgum tilvikum vera brotinn þegar kemur að börnum sem alast upp innan trúarsafnaða þar sem notast er við sterka innrætingu og stjórnun. Grunnréttindi, þ.m.t. félagafrelsi, barna sem alast upp innan stjórnsamra trúfélaga eiga að vera þau sömu og annara barna í íslensku þjóðfélagi.

Við viljum þó benda sérstaklega á að börn, alin upp í öðrum trúfélögum en vottunum, sem notast við svipaðar aðferðir, búa ekki síður við óviðunandi aðstæður sem geta stefnt velferð þeirra í voða. Við teljum stóran hluta barna á Íslandi sem alast upp innan stjórnsamra trúfélaga búa við einstaklega erfiðar aðstæður og að þau þarfnist sérstakrar athygli þess hluta kerfisins sem vinnur að velferð og verndun barna. Mikilvægt er að íslensk lög verndi börn undir 18 ára frá því að vera skráð inn í trúfélög á barnsaldri, þar sem úrsögn úr viðkomandi trúfélagi síðar meir, getur haft gríðarlegar afleiðingar fyrir líf viðkomandi. Ákvörðun af þessari stærðargráðu á einungis fullorðin, sjálfráða einstaklingur að taka.

Afleiðingar trúarofbeldis

Niðurstöður rannsókna undanfarinna ára hafa sýnt fram á að það að upplifa trúarofbeldi í æsku og á fullorðinsárum hefur neikvæð áhrif á andlega og líkamlega heilsu. Einstaklingar eru að sýna meiri áfallastreitu-, kvíða- og þunglyndiseinkenni sem og minni ánægju með lífið. Þá hafa þau bjargráð sem þetta þýði hefur tileinkað sér, falla undir óhjálpleg bjargráð s.s. að einangra sig, óhófleg neysla lyfja, áfengis og matar. Langvarandi streituástand sem þróast vegna trúarofbeldis, hefur þau áhrif að streitukerfi barna (flýja eða berjast) er í sífellu virkt. Í huga þeirra er ógnin raunveruleg og það versta gæti gerst þá og þegar. Rannsóknir hafa ítrekað sýnt fram á að langvarandi streita hefur m.a. neikvæð áhrif á hjarta- og æðakerfi. Rannsóknir hafa einnig sýnt fram á fylgni ýmissa sjúkdóma, t.a.m. hjartasjúkdóma, gigt, asma, krónískra verkja, sykursýki og meltingafærasjúkdóma og cPTSD. Íslenskar rannsóknir frá árunum 2014 og 2016 hafa sýnt fram á sömu niðurstöður. Afleiðingar trúarofbeldis getur verið mjög kostnaðarsamt fyrir bæði þá einstaklinga sem fyrir því verða og þjóðfélagið í heild sinni. (Sjá <https://skemman.is/handle/1946/18564>)

Sérstakar aðstæður innan safnaðar votta Jehóva sem mikilvægt er að hafa í huga varðandi breytingar laga um trúar- og lífsskoðunarfélög

Frá unga aldri eru börn innan safnaðar votta Jehóva útsett fyrir gríðarlegri innrætingu sem mótar þau á ýmsan hátt. Þetta gerist í gegnum samkomur, bóknám ásamt notkun kennsluefnis af heimasíðu safnaðarins sem er gert fyrir börn, unglunga og fullorðna. Söfnuðurinn býr til gríðarlegt magn kennsluefnis fyrir börn og unglunga í formi bóka, myndbanda, greina og æfinga á heimasíðu safnaðarins. Börnum er markvisst kennt að setja þarfir safnaðarins og Jehóva ofar sínum eigin þörfum og að treysta ekki neinu eða neinum sem ekki kemur frá söfnuðinum. Þeim er jafnvel bannað að lesa, horfa á eða taka þátt í hlutum sem ekki hljóta velþóknun safnaðarins. Mikil áhersla er lögð á algjöra hlýðni og að börnin móti persónuleika sinn eftir því sem söfnuðinn segir að sé rétt. Svigrúm til að taka upplýsta ákvörðun, með aðgengi að upplýsingum er lítið sem ekkert. Börnum er kennt að vera ekki ein á internetinu, láta vita ef þau verða vitni af einhverju ósiðlegu eða því sem ekki

samræmist skoðunum votta Jehóva. Stanslausar viðvaranir við utanaðkomandi áhrifum frá fjölskyldumeðlimum, kennurum, menntakerfinu, heilbrigðisstarfsfólki og í raun frá öllum sem kemur frá “heiminum” verður til þess að börn þróa með sér vantraust gagnvart öllum þeim aðilum sem annars myndu grípa þau og koma þeim til hjálpar.

Afleiðingar trúarlegrar innrætingar hefur meðal annars eftirfarandi áhrif:

- Eiga erfitt með að taka ákvarðanir, erfiðleikar með gagnrýna hugsun, upplifa það erfitt að vera ekki leiðbeint um hvert verið er að stefna. Óþroskað sjálf þ.e.a.s. að einstaklingurinn á sér hvorki fullorðins- né barnasjálfrátt utan safnaðar, og erfiðleikar tengdir því að fóta sig “í heiminum”.
- Kvíði yfir því að vera “í heiminum”. Kvíðaköst (víðáttufælni), þunglyndi, sjálfsvígshugsanir, reiði, biturð, upplifa svik við sig sjálf sem og aðra, skömm, sektarkennd, sorg, á sama tíma og þau eiga erfitt með að tjá og skilgreina tilfinningar sínar.
- Svefnröskun, átröskun, fíkn.

Því má setja stórt spurningarmerki við það hvort börn undir 18 ára aldri, sem alast upp innan stjórnsamra trúafélaga, eins og votta Jehóva, séu hreinlega með andlegan þroska eða í aðstæðum þar sem þau geta yfir höfuð tekið upplýsta ákvörðun um þá alvarlegu ákvörðun sem skírn/skráning inn í stjórnsöm trúfélög felur í sér.

Skírn(skráning) ungmenna

Börnum sem [skírast ung](#) er hampað innan safnaðarinnar og það þykir mjög “fínt” að hafa skýrast ungur. Einnig þykir það “fínt” að eiga börn sem skýrast ung. Einstaklingurinn “*lofar Jehóva að tilbiðja aðeins hann og láta vöð hans ganga fyrir öðru í lífi sínu. Hann velur að, afneita sjálfum sér og fylgja stöðugt kenndu Jesú og fordæmi. Vígsla hans og skírn gerir honum kleift að eiga nána vináttu við Jehóva og aðra sem tilbiðja hann.*” Með skírn verður einstaklingurinn “*hluti af fjölskyldu Jehóva*”. Þá kemur einnig fram á heimasíðu votta Jehóva: “*Ekkert gleður kristna foreldra jafn mikið og að sjá barn sitt afneita sjálfu sér, taka kvalastaur sinn og fylgja Jesú*”. (sjá:

<https://www.jw.org/is/b%C3%B3kasafn/b%C3%A6kur/von-um-bjarta-framt%C3%AD%C3%B0/2-hluti/kafli-23/>).

Að okkar mati ættu börn ekki að hafa leyfi til þess að taka jafn alvarlega ákvörðun og skírn er, því ef þeim snýst hugur síðar á lífsleiðinni, eftir að þau eru orðin fullorðin, eru afleiðingarnar gríðarlega miklar. Börnum og unglíngum innan safnaðarinnar er kennt að hættulegir vinir “af heiminum” séu líklegir til þess að setja út á trú þeirra og að mikilvægt sé að velja góða, sanna vini með góð gildi. Þeim er markvisst kennt að vera á varðbergi gagnvart fólki “af heiminum” (allt utan safnaðarinnar er kallað “heimurinn”) sem getur haft alvarleg áhrif á félagsfærni og sýn þeirra á fólk og börn utan safnaðarinnar (sjá:

https://www.jw.org/is/b%C3%B3kasafn/myndb%C3%B6nd/#is/mediaitems/TeenSocialLife/docid-502013393_1_VIDEO

https://www.researchgate.net/publication/345628869_The_Case_of_Jehovah's_Witnesses_in_Norway_and_the_Emotional_Implications_of_Eschatological_Expectations_and_Membership_Non-individualized_Doctrinal_Beliefs_Within_a_Highly_Individualized_Mainstream_So)

Börnum og unglingum er kennt að ást Jehóva og velþóknun sé skilyrt. Svo lengi sem þau hugsa og haga sér rétt þá eigi þau skilið ást og velþóknun. Þeim sem ekki hlýða er útskúfað. (sjá mín 1:05): https://www.jw.org/is/b%C3%B3kasafn/myndb%C3%B6nd/#is/mediaitems/TeenSpiritualGrowth/pu b-jwban_201410_1_VIDEO)

Úrsögn úr trúfélaginu

Í félagafrelsi felst ekki einungis frelsi til að ganga í eða stofna félög, heldur einnig frelsi til að standa utan félaga. Vottar Jehóva eru skilgreindir sem „high-cost“ trúfélag, einstaklingar sem yfirgefa þess háttar trúfélög eru líklegri til þess að upplifa verri heilsu, en einstaklingar sem yfirgefa „low-cost“ trúfélög. Áratugum saman hefur það tíðkast að útskúfa þá einstaklinga sem ekki vilja heyra til trúarinnar lengur. Mörg dæmi eru til þess hér á landi að börn yngri en 18 ára hafa orðið fyrir útskúfun. Útskúfun er mjög alvarlegt form af andlegu ofbeldi, sem getur haft miklar og alvarlegar afleiðingar fyrir andlega heilsu þess sem fyrir því verður. (sjá: https://www.researchgate.net/publication/366732895_What_Happens_to_Those_Who_Exit_Jehovah's_Witnesses_An_Investigation_of_the_Impact_of_Shunning, https://www.researchgate.net/publication/333467505_Self-Appropriation_between_Social_Mourning_and_Individuation_a_Qualitative_Study_on_Psychosocial_Transition_among_Jehovah's_Witnesses https://www.researchgate.net/publication/347305665_Life_after_Social_Death_Leaving_the_Jehovah's_Witnesses_Identity_Transition_and_Recovery <https://psycnet.apa.org/record/2010-23910-007>)

Börnum og fullorðnum innan safnaðarins er kennt að fólk sem fer frá söfnuðinum sé sérstaklega hættulegt, sem er hluti af útskúfuninni og elur einnig á hræðslu barnanna og aftrar þeim í að leyfa sér að hugsa á öðrum nótum en söfnuðurinn leggur fyrir. Meðlimum er kennt að þeir sem víkja af vegi Jehóva verði eytt. (sjá mín 5:00 <https://m.youtube.com/watch?v=KtaJnakaxNI&feature=share>) (Sjá <https://wol.jw.org/is/wol/d/r89/lp-ic/1988287?q=r%C3%A6kir&p=doc>)

Inni á heimasíðu safnaðarins má lesa leiðbeiningar um það hvernig eigi að umgangast þá sem hætta <https://www.jw.org/is/bókasafn/bækur/kærleiki-guðs/vikið-úr-söfnuðinum/>. Þar segir m.a. “Við viðum ekki eiga trúarlegt eða félagslegt samneyti við þá sem vikið er úr söfnuðinum.” “Einföld kveðja, „Sæll,“ sem við köstum á einhvern, getur verið fyrsta skrefið að samræðum og jafnvel vináttu. Munum við víja stíga fyrsta skrefið að slíku sambandi við brottrækan einstakling?” “verndum við okkur og aðra í söfnuðinum siðferðilega og trúarlega með því að forðast samneyti við syndara sem iðrast ekki, og við varðveitum góðan orðstír safnaðarins.” “Þegar ástvinir hætta að umgangast hann er hugsanlegt að hann „komi til sjálfs sín“, átti sig á hve alvarleg synd hans er og geri ráðstafanir til að snúa aftur til Jehóva.” Við undirrituð höfum öll upplifað, á einn eða annan hátt, útskúfun af hendi safnaðarmeðlima sem við áður upplifðum sem nána vini, fjölskyldumeðlimi og kunningja. Við höfum upplifað það að fólk, sem áður var okkur náði, líti undan þegar það mætir okkur á götu, neiti að tala við okkur, haldi okkur utan við fjölskylduviðburði á borð við brúðkaup og jarðafarir náinna ættingja, jafnvel foreldra og svo mætti lengi telja. Allt út af því að við deilum ekki lengur sömu trú.

Inni á heimasíðu safnaðarins má lesa leiðbeiningar um það hvernig foreldrar eiga að ala upp börn sem hafa látið skýrast (skráð sig inn í trúfélagið) en tekið þá ákvörðun að vilja hætta fyrir 18 ára aldur. <https://www.jw.org/is/bókasafn/bækur/kærleiki-guðs/vikið-úr-söfnuðinum/>. “Ef barni undir lögdri er vikið úr söfnuðinum ber foreldrunum þó að halda áfram að fræða það og aga. Ástíkir foreldrar geta því eftir sem áður kennt barninu sannleika Biblíunnar”. Þetta síðasta, að halda áfram

að kenna barni undir lögaldri trú sem það ekki vill aðhyllast, er líklega brot á Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna, en hann tryggir börnum trúfrelsi, og lögum um félagafrelsi.

Börn innan safnaðarins alast upp við það að það sé eðlilegt að útskúfa einstaklingum sem finna sig ekki í trúnni. Þau eru látin taka þátt í útskúfuninni (ofbeldinu), með því að kenna þeim að hafa ekki samskipti við útskúfað fólk. Þau eru einnig áhorfendur af því andlega ofbeldi sem útskúfunin er, en fjölmargar rannsóknir sýna fram á alvarlegar andlegar afleiðingar þess að verða vitni að ofbeldi. Að félagslegt samþykki, vinskapur og væntumþykja sé skilyrt. Þetta býr til ákveðið siðferðilegt rof sem mætti einnig kalla hugrænt misræmi. Þetta rof býr einnig til hræðslu við gagnrýna hugsun, það að draga í efa eigin trú, því börnin vita afleiðingar þess að efast eða ganga af trúnni. Því munu þessi börn gera allt sem er á þeirra valdi að viðhalda innra jafnvægi.

Börn einstaklinga sem eru útskúfaðir upplifa einnig útskúfun. Frásagnir barna þar sem foreldrar þeirra voru útskúfaðir eða hættu í söfnuðinum, hafa lýst miklum kvíða og vanlíðan. Rétt eins og með annað ofbeldi sem börn verða vitni að sbr. heimilisofbeldi, þá hefur þessi útskúfun áhrif á líðan þeirra og upplifun. Ef fólk sem barn elskar og virðir getur komið fram á slíkan hátt við einhvern sem barnið þekkir og/eða elskar, þá getur það sjálft orðið fyrir þessu ofbeldi. Með þessu móti er hugsun og atferli barns mótað í samræmi við gildi og kenningar safnaðarins.

Útskúfunin getur komið fram á fjölbreyttan hátt. Algjör útskúfun þar sem einstaklingurinn er hvorki séður né heyrður, en svo einnig vægari útskúfun þar sem fjölskylda heldur enn uppi lágmarks sambandi, s.s. vegna jarðafara, veikinda eða þess háttar, en einstaklingur sem fyrir því verður upplifir sig ekki sem meðtekinn. Þannig verður hann utangarðs innan eigin fjölskyldu, en hefur þó enn takmarkaðan aðgang að fjölskyldu sinni. (sjá <https://www.youtube.com/watch?v=HbWZ0hTrnwg>, Sjá mín 6:13 <https://www.youtube.com/watch?v=KtaJnakaxNI>)
<https://www.visir.is/g/20222234264d>

Afleiðingar útskúfunar geta verið mjög alvarlegar. Félagssleg útskúfun, þar sem lokað er á tengsl einstaklings við félagslegt stuðningsnet og nána fjölskyldumeðlimi, er í raun tengslaáfall sem getur valdið sálrænum áverka sem erfitt getur verið fyrir þann sem fyrir verður að vinna úr. Einstaklingar sem upplifa útskúfun eru mun líklegri til þess að þurfa að takast á við sálræna erfiðleika sem geta haft djúpstæð áhrif á líf viðkomandi. Auknar líkur eru á að einstaklingurinn upplifi streitu, kvíða og ótta sem getur leitt til ýmissa raskana. Auknar líkur eru á sjálfsmorðshugsun, kulnun og örorku.

Við viljum benda nefndarmönnum á að í desember 2022 ákváðu stjórnvöld í Noregi að afturkalla skráningu safnaða votta Jehóva þar, þar sem sýnt var fram á að söfnuðurinn braut gegn þarlandum lögum um trúfélög, m.a. með útskúfun og útilokun fyrrum sóknarbarna eða sóknarbarna sem ekki "hlýddu", auk fleiri brota.

(https://www.mbl.is/frettir/erlent/2022/01/28/vottar_jehova_sviptir_rikisstyrk/
<https://www.aftenposten.no/norge/i/GM0yxl/statsforvalteren-i-oslo-og-viken-trekker-tilbake-jehovas-vitners-registrering-som-trossamfunn?fbclid=IwAR06RGXDFS6qFDWY9bAA1vtF1YqeCWklwtXfW5-n9uMLP83m1HbhK-qa7tg>)

Eftirfarandi texti er skjáskot úr félagasamþykktum Votta Jehóva á Íslandi frá 2018:

Heimsregla sérstakra hjóna í fullu starfi meðal Votta Jehóva:

Hið stjórnandi ráð hefur stofnað heimsreglu innan alþjóðlega trúarsamfélagsins sem nefnist á ensku „Worldwide Order of Special Full-Time Servants of Jehovah's Witnesses“ (hér eftir nefnd „reglan“). Til stuðnings trúarlegri starfsemi Votta Jehóva um allan heim starfa allar deildir reglunnar í einingu samkvæmt trúarlögnum sem hið stjórnandi ráð hefur sett um hana.

Nefnd:

Deildarnefnd veitir deildarskrifstofunni í Skandinavíu forstöðu og hefur aðsetur í Danmörku. Hið stjórnandi ráð Votta Jehóva skipar menn í deildarnefndina. Nefndarmenn sinna skyldustörfum sínum sem sjálfbodaðir og endurgjaldslaust líkt og almennt á við um meðlimi Trúfélagsins. Deildarnefndin skipar fulltrúa Trúfélagsins með samþykki hins stjórnandi ráðs.

Samkvæmt samþykktum er söfnuði votta Jehóva á Íslandi stýrt af deildarnefndinni í Danmörku, sem einnig fer með stjórn safnaðar votta Jehóva í Noregi og öðrum norðurlöndum.

Einnig viljum við benda á að Jafnréttisstofa sendi á í október 2022 bréf til safnaðar votta Jehóva þess efnis að kennsluefni á heimasíðu safnaðarins ætluðu fyrir börn og unglinga samrýmist ekki íslenskum lögum (sjá <https://www.jafnretti.is/is/um-jafnrettisstofu/frettir/jafnrettisstofa-hefur-sent-vottum-jehova-a-islandi-bref>). Þetta myndband sem hér um ræðir er enn að finna á heimasíðu safnaðarins <https://www.jw.org/is/bibl%3ADan-og-l%3ADfi%3%B0/b%3%B6rn/vertu-vinur-jeh%3%B3va/myndskei%3%B0/einn-ma%3%B0ur-ein-kona-hj%3%B3naband/>, ásamt miklu magni af öðru efni með sama boðskap ætluðum börnum, unglingum og fullorðnum. Einnig hefur söfnuðurinn gefið út bækur með sama ólöglega boðskap (<https://www.jw.org/is/leit/?q=samkynhneig%3%B0>)

Við óskum eftir tækifæri til þess að koma fyrir nefndina, fái málið framgang.

Virðingarfyllt fyrir hönd (óstofnaðra) Samtaka áhugafólks um trúarofbeldi

Anna Margrét Kaldalóns, Brynjar Ingólfsson, Eydís Mary Jónsdóttir, Petra Hólmgrímsdóttir, Steinunn Th. Garðarsdóttir

Vinsamlegast hafið samband við Petru Hólmgrímsdóttur, sálfræðing, petra@emdrstofan.is, eða Eydís Mary Jónsdóttur eydis@zeto.is ef óskað er eftir frekari upplýsingum.



Efni: Umsögn Vantrúar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög, nr. 108/1999, með síðari breytingum (skráning barna og úrsögn).

Vantrú fagnar því að sjálfkrafa skráning barna verði afnumin enda er afar undarlegt að ríkið breyti skráningu barna án samþykkis.

Aldurslækkun

Í nýlegum lögum var tekið fram að skráningin sem um ræðir er ekki félagsaðild heldur einungis skráning á því hvert sóknargjöld renna. Rök í greinargerðinni sem vísa til félagafrelsis eiga því ekki við.

Þar sem að þetta er einungis skráning á því hvert sóknargjöld viðkomandi renna þá hefur skráningin bara gildi þegar viðkomandi er orðinn 16 ára, þar sem engin sóknargjöld eru greidd fyrir börn yngri en 16 ára.

Það er því enginn sjáanlegur tilgangur í því að ríkið haldi þessa skrá fyrir einstaklinga yngri en 16 ára. Því teljum við undarlegt og á gráu svæði varðandi persónuvernd barna að ríkið haldi yfir skrá hvert sóknargjöld barna yngri en 16 ára renna - þar sem þetta geta hæglega talist viðkvæmar persónulegar upplýsingar. Réttast væri að hætta einfaldlega að halda úti þessa skrá hjá börnum. Börn geta áfram verið félagar í trúfélögum - enda hefur félagsaðild þeirra ekkert að gera með skráningu Þjóðskrár á sóknargjöldum.

Breyting á málsgrein um úrsögn

Við höfum áður bent Alþingi á að lögum um breytingu á skráningu (9. grein laganna) eru úreld. Það er tímabært að breyta þeim, en við teljum að það þurfi að ganga í heildstæðari breytingu en lagt er til í þessu frumvarpi. Í frumvarpinu er lagt til breyting á málsgrein sem hefur í raun ekkert gildi. Málsgreinin gerir ráð fyrir að breyting á skráningu fari fram með tilkynningu til forstöðumanns trúfélags - en í núverandi kerfi fer það nánast ávallt fram með rafrænni tilkynningu til Þjóðskrár. Við leggjum til að 9. grein laganna verði öll uppfærð til að endurspeglar þann veruleika - og bæði hvað varðar inngöngu og úrsögn.

Nánari útlistanir eru í athugasemdum við einstaka greinar.

Fyrir hönd Vantrúar,
Hjalti Rúnar Ómarsson, gjaldkeri Vantrúar

Athugasemdir við einstaka greinar

1. gr. - Skráning barna - breyting á 8. gr

a. Í stað orðanna „16 ára“ í 1. mgr. kemur: 12 ára.

Rökstuðingurinn í frumvarpinu fyrir þessari aldurslækkun er að 12 ára barn hafi þann þroska til að “ákveða **félagsaðild** sína við 12 ára aldur” - þ.e.a.s. þetta er byggt á því að við 12 ára aldur eigi börn að geta ráðið félagsaðild sinni sjálf.

Við viljum benda á að miðað við nýleg [lög um skráningu einstaklinga](#) (nr. 140/2019) þá er þetta rangur skilningur á trúfélagaskráningu Þjóðskrár. Í 6. grein eru listi yfir þær upplýsingar sem að Þjóðskrá skráir hjá sér. Í 17. tölulíð greinarinnar er þetta sagt um þessa ákveðnu skráningu:

hvert gjöld til skráðra trúfélaga eða lífsskoðunarfélaga skuli renna og

Þetta er útskýrt nánar í greinargerð frumvarpsins:

[17]. tölul. um hvert sóknargjöld skuli renna. Í daglegu tali hefur verið talað um skráningu í trúfélög hjá Þjóðskrá Íslands en það er villandi. Í skráningunni felst einungis skráning á því hvert sóknargjöld skuli renna samkvæmt ákvæðum laga um sóknargjöld, nr. 81/1987, með síðari breytingum, og lögum um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög, nr. [108/1999](#), [með síðari breytingum](#). Með skráningu trúfélags eða lífsskoðunarfélags í þjóðskrá felst ekki að Þjóðskrá Íslands haldi sérstakt félagatal trúfélaga eða lífsskoðunarfélaga. Félagatalið er samkvæmt umræddum lögum haldið hjá viðkomandi trúfélagi eða lífsskoðunarfélagi og þykir því tilefni til að vekja sérstaka athygli á þessu í ákvæðinu.

Trúfélagaskráning Þjóðskrár er því ekki skráning á félagsaðild í trúfélagi, heldur einungis skráning á því hvert ríkið greiðir sóknargjöld. Trúfélögin sjálf ráða því hver er félagi eða ekki. Sú rök að það eigi að lækka aldurinn af því að barn eigi sjálft að ráða félagsaðild sinni gengur því ekki - því að þetta er ekki félagsaðild.

Þessi skráning hefur auk þess enga merkingu fyrr en barnið er á 16 ári. Í 2.gr. [laga um sóknargjöld o.fl.](#) (nr. 91/1987) er sagt að sóknargjöld séu einungis greidd fyrir einstaklinga sem hafa náð 16 ára aldri á undan gjaldári.

Hvar barn sem er ekki 16 ára á undan gjaldári er skráð er því alger markleysa. Það er skráning á því hvert ríkið greiðir framlag, sem ríkið borgar ekki fyrr en barnið er orðið 16 ára á undan gjaldári.

Í 3. gr. laga um sóknargjöld o.fl. er þó sagt að hvert gjaldið rennur miðar við skráningu einstaklings 1. desember næst á undan gjaldár. Það væri því eðlilegt að þeir sem eru á 16 ári

(þeir sem verða 16 ára á árinu á undan gjaldári) en ekki orðnir 16 ára geti þegar breytt skráningu sinni. Svo að þau börn sem eiga afmæli eftir 1. desember geti ráðið því hvert sóknargjöldin renna fyrsta gjaldárið þeirra.

Tillaga:

a-liður 1. greinar orðast svo:

Í stað orðanna "orðnir 16 ára að aldri" í 1. mgr. kemur: "á 16 ári"

b og c. afnám sjálfkrafa skráningar

Í b. og c. er lagt til að afnema sjálfkrafa skráningu og í staðinn lagt til að foreldrar ráði skráningu barna. Þetta er að okkar mati mikil breyting til batnaðar miðað við núverandi lög, en við viljum þó leggja til að það verði alfarið hætt að sjá um þessa skráningu hjá börnum sem eru ekki á 16. ári.

Eins og við bentum á í athugasemdum við a-lið þessarar greinar, þá hefur skráning barna yngri en 16 ára enga raunverulega þýðingu. Þetta er skráning á því hvert sóknargjöld þeirra sem eru orðnir 16 ára renna. Það er því frekar erfitt að sjá hvaða málefnalegar ástæður ríkið getur haft til þess að halda skrá utan um þetta.

Auk þess viljum við benda á að samkvæmt a-lið 3.gr. [laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga](#) (nr. 90/2018) teljast upplýsingar um "trúarbrögð" og "lífsskoðun" viðkvæmar upplýsingar. Upplýsingar um það hvert sóknargjöld manns renna gætu vel fallið undir þá skilgreiningu. Vinnsla á þess háttar upplýsingum er eðlilega háð meiri takmörkunum, og við teljum það mjög umdeilanlegt hvort svona tilgangslaus skrá á viðkvæmum persónuupplýsingum barna standist þau lög.

Því leggjum við til að ríkið hætti einfaldlega að skrá þessar upplýsingar þar sem þær hafa enga raunverulega þýðingu og eru á gráu svæði þegar kemur að persónuvernd barna.

Tillaga:

b-liður 1. greinar orðast svo:

2. mgr. fellur brott.

2. gr. - Úrsögn - breyting á 9. gr

Fyrstu þrjár málsgreinar 9. greinar eru í raun úreltar, og því teljum við að það þurfi að breyta þeim öllum en ekki einungis 2. mgr greinarinnar.

9. grein laganna fjallar um trúfélagaskráningu Þjóðskrár en ekki félagaskrá trúfélaganna. Það sést til dæmis á kröfunni um að ekki megi vera skráður í tvö trúfélög, sem er einnig í 8. greininni. Það er gert til að koma í veg fyrir að ríkið tvígreiði sóknargjöld. Ef um væri að ræða félagsaðild væri þetta að öllum líkindum ólögleg takmörkun á félagafrelsi.

Greinin virðist gera ráð fyrir því að forstöðumenn trúfélaga haldi utan um þá skráningu sem Þjóðskrá fer alfarið með hér á Íslandi og því sé breytingum á henni beint til þeirra.

Kerfið hefur verið með þessu móti í Noregi. Enda var tekið fram í greinargerð þegar þessar reglur voru fyrst settar fram á Alþingi ([þskj. 24. - 96. löggjafarþing](#)) að sérstaklega hafi verið horft til þá nýsettra norskra laga um trúfélög og utankirkjumenn. Í Noregi hefur þetta kerfi valdið þeim vandræðum að ýmis trúfélög hafa skráð fólk í trúfélög án samþykkis til að fá meiri sóknargjöld.

Þetta er engan veginn kerfið eins og það er núna á Íslandi. Núna heldur Þjóðskrá úti miðlægri skrá og úrsagnir og inngöngur fara nánast fram að öllu leyti með rafrænum tilkynningum til Þjóðskrár án milliliða.

Það er því ekki raunin eins og mætti halda af 1. og 2. málsgrein greinarinnar að það þurfi að beina þessum tilkynningum til forstöðumanns trúfélags. Fólk getur gert það með rafrænni tilkynningu til Þjóðskrár. Hugsanlega hefur ríkið talið að orðalag 3. málsgreinar laganna: “Að því leyti sem tilkynning til þjóðskrár um inngöngu í og úrsögn úr trúfélagi [eða lífsskoðunarfélagi]...” geri ráð fyrir því að einstaklingur geti breytt þessu með tilkynningu til Þjóðskrár.

Við leggjum til að fyrstu þremur málsgreinum verði breytt til að endurspeglu núverandi fyrirkomulag - þar sem að einstaklingar breyta skráningu sinni með tilkynningu til Þjóðskrár.

Auk þess viljum við benda á að það er hugsanlega vafasamt að taka það fram að tilkynning þurfi að vera gerð “skriflega” þar sem að þær eru vanalega framkvæmdar með rafrænum hætti. Við leggjum til að það veðri einfaldlega talað um “rafræna” tilkynningu í lögunum, þó Þjóðskrá muni eflaust geta sagt til um hvernig sé best að orða þetta.

Tillaga:

1. mgr. 9. gr. laganna orðast svo: “Úrsögn úr eða innganga í skráð trúfélag, lífsskoðunarfélag eða þjóðkirkjuna skal beint með tilkynningu til Þjóðskrár.”

2. og 3. mgr. 9. gr. laganna falla brott